Deiliskipulagsbreyting
Akstursíþrótta- og skotsvæði á Glerárdal

Fyrir breytingu





Hluti Aðalskipulags Akureyrar 2005-2018 m.s.br. Mkv. 1: 10.000

ÝMSAR SKÝRINGAR:

- SKIPULAGSMÖRK
- LÓÐAMÖRK
- BYGGINGARREITIR
- ÖRYGGISMÖRK SKOTSVÆÐIS
- ÖRYGGISSVÆÐI SPYRNUBRAUTAR
- VEGSLÓÐ
- REIÐLEIÐ
- GÖNGUSTÍGAR
- NÚVERANDI BYGGINGAR
- GÖTUR OG BÍLASTÆÐI
- HÁLKUBRAUT
- TORFÆRUSVÆÐI
- ENDUROBRAUT
- MÖRK VERNDUNARSVÆÐIS GLERÁR
- KVÖÐ UM AÐKOMU
- GLERÁ
- VATNSRÁS
- HLJÓÐMÖN
- SKEET BRAUT
- MOTO - CROSSSVÆÐI
- FLUTNINGSLÍNUR RAFVEITUKERFIS, loftlína
- AÐVEITULÖGN - VATNSVEITA, í jörð
- HEIMTAUGAR - VATNSVEITA, í jörð
- FORNLEIFAR. SJÁ GREINARGERÐ
- MÆNISSTEFNA
- LÓÐARNÚMER
- a = Flatarmál lóðarhluta; b = Hámarksflatarmál bygginga; c = Hámarkshæð bygginga
- 000 HÁMARKSSTÆRÐ BYGGINGA
- 0000 m2 STÆRÐ BYGGINGAREITS

Gildandi deiliskipulag tók gildi 27. ágúst 2008.Síðast breytt 16. október 2009 Mkv. 1:4.000

Eftir breytingu





Mkv. 1:4.000

Greinargerð

Í gildi er deiliskipulag fyrir akstursíþrótta- og skotsvæði á Glerárdal frá 1. janúar 2008. Deiliskipulagsbreyting þessi er fjölþætt og felur m.a. í sér að skipulagsmörkum er breytt með þeim hætti að norðurmörk ná nú út í miðlínu Hlíðarfjallsvegar. Þá stækkar skipulagssvæðið einnig samhliða stækkun lóða KKA og Skotfélags Akureyrar til vesturs. Með þessari breytingu er sett kvöð um legu gönguslóða um sunnanvert skipulagssvæðið. Auk þessa fá allar lóðir lóðarnúmer. Öðrum breytingum eru gerð skil hér að neðan og eru þær merktar með númerum sem vísa í breytingaruppdrátt.

Í gildi eru almennir byggingarskilmálar Akureyrarbæjar frá 2006 og samþykkt um skilti og auglýsingar í lögsögu Akureyrarkaupstaðar frá 2011.

Bílaklúbbur Akureyrar / BA

1. Innra fyrirkomulagi akstursbrauta, hljóðmana og bílastæða er breytt sbr. breytingaruppdrátt.
2. Lóð minnkar lítillega vegna aðlögunar við nýjan veg að bænum Glerá
3. Spyrnubraut er lengd úr 750 metrum í 1.100 metra vegna öryggis- og bremsusvæðis ásamt stækkun lóðar í samræmi við þá lengingu. Umhverfis lenginguna kemur hljóðmön. Lóð fyrir breytingu var 344.229 m2 en verður 361.305m2.
4. Gert er ráð fyrir vatnsrás að Glerá til að leiða burt yfirborðsvatn kemru frá aðliggjandi svæðum og sem safnast fyrir á æfinga- og keppnissvæðinu.

KKA Akstursíþróttafélag

5. Lóð félagsins stækkar úr 139.227,2 m2 fyrir breytingu í 453.509 m2 og þar skilgreind Endurobraut.
6. Núverandi aðkoma að svæðinu verður aflögð en þess í stað verður aðkoman vestar frá Hlíðarfjallsvegi og að hluta til sameiginleg með Skotfélagi Akureyrar. Nýr vegur mun liggja út frá þeirri sameiginlegu aðkomu og austur að æfinga- og keppnissvæði félagsins.
7. Undirgöng verði undir aðkomuveg sem þverar lóð KKA.
8. Gert er ráð fyrir nýju bílastæði og byggingarreitum fyrir klúbbhús og áhalda- og þjónustuhús. Skilmálar eru settir fyrir hvern byggingarreit.

Skotfélag Akureyrar

9. Lóð félagsins stækkar úr 150.311,8 m2 fyrir breytingu í 177.913 m2
10. Settir eru inn byggingarreitir fyrir skýlum auk skilmála

Glerá

11. Ný og öruggari aðkoma verði að lóðum við Glerá en kvöð verður á lóð nr. 17 um aðkomu að lóð nr. 19
12. Breytt lóðarmörk eru færð inn á skipulagsuppdráttinn
13. Byggingarreitir eru settir inn fyrir núverandi byggingar auk skilmála

Norðurorka

14. Lóð og byggingarreitur er skilgreindur fyrir Norðurorku, auk skilmála. Aðkoma er um núverandi slóða en gatnamót við Hlíðarfjallsveg verði lagfærð.

Þá hefur skipulagsuppdrátturinn í heild sinni verið uppfærður í samræmi við núverandi staðhætti og nýjust landupplýsingar.
Að öðru leiti gilda greinargerð, umhverfis- og hljóðskýrsla, gögn dags. 25. febrúar 2008.

Umhverfisskýrsla

Ítarleg umhverfisskýrsla var unnin við gerð deiliskipulagsins árið 2008. Ekki er talin þörf á að endurmeta áhrif á þá umhverfisþætti sem komu til umfjöllunar aðra en gróðurfar vegna stækkunar skipulagssvæðis. Ekki er gert ráð fyrir að lenging spyrnubrautar hafi neikvæð áhrif á hljóðvist á eða umhverfis svæðið þar sem einungis er um að ræða öryggissvæði til stöðvunar ökutækja. Til að draga úr mögulegum einstökum og tímabundnum neikvæðum áhrifum er gert ráð fyrir hljóðmön utan við breytta svæðið til hljóðdempunar í samræmi við aðra hljóðdempandi umgjörð umhverfis heildarsvæðið BA.

Skipulagsbreytingin felur m.a. í sér stækkun lóðar KKA til vesturs, uppí hlíð Hlíðarfjalls, um mólendi sem þegar er raskað af völdum vélknúinna ökutækja. Framtíðarnotkun svæðisins er ætluð m.a. til aksturs moto-cross hjóla og því er talið að neikvæð áhrif verði af völdum þess á gróðurfar og einnig nokkur neikvæð áhrif á hljóðvist í næsta nágrenni. Framkvæmdir á skipulagssvæðinu fela í sér landslagsfrágang og víðtæka uppgræðslu lands með grasi og trjágróðri líkt og fram kemur í umhverfisskýrslu skipulagsins frá 2008 sem er jákvætt mótvægi. Komi í ljós að neikvæð áhrif frá stækkuðu svæði KKA á hljóðvist í nær unhverfi sé umfram ásættanleg mörk verði hljóðmön framlengd upp með Hlíðarfjallsvegi upp fyrir frístundarbyggðina í Hálöndum.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá _____til _____ var samþykkt í _____ þann _____ 2013.

_____
Bæjarstjóri Akureyrarkaupstaðar

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild stjórnartíðinda þann _____ 2013.

Akstursíþrótta- og skotsvæði á Glerárdal
Akureyri

Kvarði í A1- 1:4000 | Hannað: HJ LF AB
Dags. 25. október 2013 | Teiknað: HJ, LF, ASP

Breyting á deiliskipulagi
TILLAGA

Áfram gilda greinargerð, umhverfis- og hljóðskýrsla, gögn dags. 25. febrúar 2008. Grunnkort er fengið frá Akureyrarbæ

Skipagötu 12, 600 Akureyri / sími: 461-2800 / info@teikn.is / www.teikn.is